

37. fundur skólanefndar Menntaskólans á Tröllaskaga haldinn 18. nóvember 2014, kl. 13:00 í húsnæði skólans í Ólafsfirði.

Mættir: Hildur Ösp Gylfadóttir formaður, Helgi Jóhannsson, Jónína Magnúsdóttir, Preben Jón Pétursson, Edward Huijbens, Elsa Hrönn Auðunsdóttir fulltrúi nemenda, Þórarinn Hannesson fulltrúi kennara, Björg Traustadóttir fulltrúi foreldra, Lára Stefánsdóttir skólameistari og Jóna Vilhelmína Héðinsdóttir aðstoðarskólameistari.

Dagskrá

1. Starfs- og fjárhagsáætlun

Inga Eiríksdóttir fjármálastjóri lagði fyrir drög að fjárhagsáætlun fyrir árið 2015. Fjárhagur skólans er innan marka á árinu 2014. Áætlun næsta árs gerir ráð fyrir svipuðum fjárhag, þrátt fyrir fækkun nemendaígilda sem ræðst af herra framlagi fyrir hvert nemendaígildi. Skólameistari ræddi hugmyndir að aðgerðum vegna eldri nemenda næsta ár.

Skólameistari sagði starfsáætlun næsta árs ekki liggja fyrir vegna óvissu sem til er komin vegna fjárlagafrumvarps. Óskaði hún eftir að fá að leggja hana fram síðar.

2. Starfsmannamál, auglýsingar

Auglýsa þarf starf raungreinakennara nú um áramót. Auglýst er lægra starfshlutfall en síðast liðið vor, 50% starf í efnafræði.

3. Tengsl við félagslíf

Skólameistari gerði grein fyrir að vinna við mat á tengslum við félagslíf hefur gengið hægar en gert var ráð fyrir. Það stafar m.a. af því að í stjórn nemendafélags er að öllu leyti nýtt fólk og tengiliðir skólans við nemendur eru líka nýir. Fulltrúi nemenda sagði frá því að nemendafélagið stæði fyrir jólaskemmtun fyrir nemendur þann 12. desember. Þá var haldið sameiginlegt ball þann 17. október með nemendum frá VA sem komu í heimsókn. Það var vel heppnað. Einnig var haldið sundlaugarpartý í byrjun skóla og gekk það líka vel.

4. Önnur mál

4.1 Staða skólans

Skólameistari gerði grein fyrir fundum sínum með skólameisturum og fulltrúum mennta- og menningarmálaráðuneytis. Á fundi á Selfossi lagði ráðuneytið áherslu á að vinna með þá hugmynd að stór skóli sem hefði umsjá með litlum skóla/skólum væri heppilegri og hagkvæmari rekstrareining en samstarf lítilla skóla eins og það hefur verið í Fjarmentaskólanum.

Umræður urðu um stöðu skólans í hugmyndum um sameiningu framhaldsskóla. Í kjölfarið lagði skólanefnd fram svo hljóðandi bókun.

Ólafsfirði 18. nóvember 2014

Skólanefnd Menntaskólans á Tröllaskaga lýsir efasemdum um hugmyndir menntamálaráðherra um sameiningu framhaldsskóla landsins. Áherslan á sameiningu virðist án tillits til fjárhags og stöðu þeirra skóla sem um ræðir, án tillits til fjölda nemenda, stefnu eða sérstöðu skólanna né mats á þeim árangri sem þeir eru að ná. Er ljóst að mati skólanefndar að sameining MTR við aðra skóla mun koma niður á starfi skólans og takmarka getu hans til að koma til móts við þarfir nemenda sinna og samfélags. Óljóst er með öllu hvaða sparnaður næst, hvaða faglegi ávinningur næst né hvaða tækifæri liggja í þessum breytingum fyrir nýjan skóla sem sannað hefur gildi sitt og verið til fyrirmyndar í innleiðingu nýjustu viðmiða í starfi framhaldsskóla.

Skólanefnd lítur svo á að vænlegasta leið til eflingar skólastarfs á landbyggðinni sé gegnum klasasamstarf framhaldsskóla. T.d. undir merkjum Fjarmentaskólans um eflingu náms í dreifðum byggðum og samstarfi um kennslu nemenda skólanna til að tryggja trausta þekkingu fagmanna á þeim námsgreinum sem kenndar eru og auka hagkvæmni í rekstri skólanna.

Samþykkt að boða til aukafundar í skólanefnd mánudaginn 8. desember í Bergi.

4.2 Skólapúlsinn

Aðstoðarskólameistari gerði grein fyrir því að sjálfsmatshópur skólans hefði tekið ákvörðun um að skólinn tæki þátt í Framhaldsskólapúlsinum sem þætti í innra mati skólans. Þar eru kannaðir þættir sem varða líðan og heilsu, skólabrag, þar með talið einelti.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 15:15.

Jóna Vilhelmína Héðinsdóttir